

25. Fundur hverfisnefndar Giljahverfis

Haldinn í Giljaskóla 27.03.2017 kl. 20:00

Mættir:

Finnur Víkingsson, Hafþór Jörundsson, Elín Eyjólfsdóttir, Hjálmar Pálsson og Lilja Gísladóttir.
Fjarverandi: Eva Hlín Dereksdóttir.

1. Ný stjórn tekin til starfa og tveir nýir meðlimir boðnir velkomnir. Kosið um verkaskiptingu og verður Finnur Víkingsson áfram formaður, Elín Eyjólfsdóttir ritari og Hafþór Jörundsson, Hjálmar Pálsson, Lilja Gísladóttir og Eva Hlín Dereksdóttir meðstjórnendur.
2. Farið yfir nýtt deiliskipulag sem á að gera athugasemdir við fyrir 20. apríl. Ekkert í giljhverfið sem okkur finnst þurfa að gera athugasemdir við nema að við þurfum að passa að kastari verði ekki fjarlægður við Vættagilsbrekkuna þegar nýr göngustígur verður lagður þar um að Hlíðarfjallsvegi
3. Farið yfir óskir sem komu fram á aðalfundi. Við viljum hafa samráð við Ingibjörgu hvernig skilti á að setja upp við grenndargámana við spennustöð. Við viljum beita okkur fyrir því að garðaúrgangur sé ekki losaður á heitt planið á gámasvæðinu við Réttarhvamm. Af hverju var þessu breytt að fólk ætti losa í gáma?
Framkvæmdalisti fyrir framlag frá bænum til hverfisnefndar.
 - a. Setja upp kastara sem lýsir á fótoltavöll og parkvöll.
 - b. Setja sikk sakk hlið á göngustíg fyrir neðan Dvergagil við hringtorgið á Hlíðarbraut
 - c. Gangbraut betur upplýst við endan á Huldugili (sunnan megin)
4. Óskalisti hvað megi bæta í giljahverfi
 - a. Lýsa upp gangbraut við Merkigil 30, stígur liggur áfram bakvið blokk
 - b. Sikk sakk hlið við endan á gangbraut fyrir neðan Skessugil og ofan við nýja sambýlið Borgargil 1.
 - c. Lýsa upp göngustíga milli F og V gilja
 - d. Ábending um hjólastíga er í kringum Merkigilsgötu.
 - e. Það vantar gangstíg frá nyrstu útkeyrslu frá fimleikahúsi og út á gangstíg við Borgarbraut
 - f. Setja upp rusladall í rjóður fyrir neðan Samkaup

Fundi slitið kl. 21:30

Elín Eyjólfsdóttir, fundarritari